

ENSK2TK05

Búið til: Mon, 19 Oct 2020 08:42:03 GMT

Titill

Enska, tónlist og kvikmyndir

Skammstöfun

ENSK2TK05

Útgáfunúmer

75

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

Tónlist og kvikmyndir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á menningu enskumælandi svæða í gegnum kvikmyndir og tónlist og þjálfist í ritun og túlkun af ýmsu tagi. Áhersla er lögð á að auka orðaforða, túlka verkin á skapandi hátt og nýta hugmyndaflug og áræðni í þeirra vinnu. Nemendur þjálfast í að skilja ensku sem notuð er á ólíkum málsvæðum.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ólíkum viðhorfum og gildum í enskumælandi löndum og hvernig þau móta menninguna
- uppsetningu og skipulagi ritaðs máls, s.s. gagnrýni, lagatexta, samanburðarskrifum o.fl.
- blæbrigðamun í kvikmyndum og tónlist
- orðaforða sem tengist skoðunum, tilfinningum og áhrifum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja mál sem er talað með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- tengja samfélag og tíma
- skilja texta kvikmynda og myndmál
- skilja tengsl ritaðs máls og talaðs
- rökræða, skiptast á skoðunum um kvikmyndir og tónlist, taka þátt í pallborðsumræðum
- skrifa kvikmyndarýni, handrit, samanburð á bók og mynd eða eldri og nýrri útgáfu mynda, og sögu sem birtist í lagatexta

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skýrt og hnökralaust, í verkefnum, munnlegri framsögn og leikrænni tjáningu
- geta skrifað læsilegan og lipran texta, rakið ólík sjónarmið með og á móti, skrifað texta frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug fær að njóta sín og geta tjáð skoðanir og tilfinningar með rökum og tilvísunum í verkin sem verið er að vinna með

- geta lesið á milli lína og skynjað boðskap og undirliggjandi áróður
- nýtt eigin sköpunargáfu til að breyta og bæta við verkin

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd